

**Sp.**

**642. Þingsályktun**

**[52. mál]**

um rannsókn virkjunarskilyrða á Vestfjörðum.

(Afgreidd frá Sp. 16. jan.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara ýtarlega rannsókn á því, hvaða fallvatn eða fallvötn séu vænlegust til raforkuframleiðslu fyrir Vestfirði, þannig að fullnægt geti orðið raforkuþörfum þessa landshluta. Skal leitt í ljós með rannsókninni svo sem auðið er, hvaða möguleikar eru til raforkuframleiðslu á þessu svæði. Rannsókn þessari sé hraðað eftir föngum og að því stefnt, að rökstuddar tillögur og áætlanir um, hvar og hvernig sé haganlegast að virkja, liggi fyrir haustið 1952.